

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn Flóahrepps, nr. 798/2013, með síðari breytingum.

1. gr.

Við samþykktina bætist viðauki um fullnaðarafgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar Flóahrepps í samræmi við heimildir í 52. gr. samþykktarinnar, sbr. 42. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Viðaukinn er birtur með samþykkt þessari.

2. gr.

Samþykkt þessi sem sveitarstjórn Flóahrepps hefur sett skv. ákvæðum 9. og 18. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, xxx 2020

F. h. r.

VIÐAUKI

við samþykkt um stjórn Flóahrepps um fullnaðarafgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar.

1. gr.

Atvinnu- og umhverfisnefnd er falið að taka fullnaðarákvörðun um matsskyldu framkvæmdar þegar sveitarfélagið sjálf er framkvæmdaraðili, sbr. 3. mgr. 4. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með síðari breytingum.

2. gr.

Óski aðili frekari rökstuðnings við afgreiðslu atvinnu- og umhverfisnefndar eða kemur á framfæri kvörtun skal honum leiðbeint um réttarstöðu sína, meðal annars um heimild til að óska eftir endurupptöku máls í nefndinni með hliðsjón af 24. gr. stjórnsýslulaga. Telji atvinnu- og umhverfisnefnd að skilyrði um endurupptöku séu fyrir hendi skal nefndin taka málið upp að nýju. Þá skal aðila leiðbeint um rétt sinn til að skjóta afgreiðslu nefndarinnar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan tiltekins frests, sbr. 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum.